

**Ed.**

**52. Frumvarp til laga**

[51. mál]

um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

**I. KAFLI**

**Um gildissvið laganna.**

Með skotvopni er í lögum þessum átt við vopn eða tæki, sem hægt er með sprengikrafti, samanþjöppuðu lofti eða á annan þvilíkan hátt að skjóta úr kúlum, höglum eða öðrum skeytum.

Með skotfærum er í lögum þessum átt við hvers konar skot eða skeyti (þar með taldir einstakir hlutir þeirra svo sem hvellhettur og púður), sem gerð eru til að skjóta úr skotvopnum.

Með sprengiefni er í lögum þessum átt við fast eða fljótandi efni eða efna-blöndu, sem hefur þann eiginleika að geta sprungið við högg, þrýsting eða hita svo og kveikiefni svo sem hvellhettur og kveikipræðir.

Með skoteldum er í lögum þessum átt við flugelda, reyk-, táragas- og hvell-sprengjur og ýmis konar skrautelda.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið nánar en um getur í 1. til 4. mgr., hvaða efni og tæki skuli teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar. Einnig getur ráðherra ákveðið, að ákvæði laganna taki að einhverju eða öllu leyti til hluta úr eignum og tækjum, sem tilgreind eru í 1. til 4. mgr.

**2. gr.**

Lög þessi taka eigi til vopna, tækja og efna, samkvæmt 1. gr., sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Dómsmálaráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laganna taki eigi til eftirgreindra tækja og efna, en getur sett um þau sérstakar reglur:

1. Naglabyssu og skothamra, sem ætlað er til að nota í byggingariðnaði.
2. Línubyssu og tilheyrandi skotfæra, merkjabyssu, eða annarra slíkra skotvopna og ýmissa skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf í skipum og á landi.
3. Byssa sem sérstaklega eru ætlaðar til hvalveiða og notaðar eru á hvalveiðibátum.
4. Annarra tækja og efna, sem valda óverulegri hættu.

**3. gr.**

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði laga þessara taki að einhverju eða öllu leyti til eftirgreindra hluta:

1. Annarra vopna en venjulegra skotvopna, svo sem hnúajárna, örvaboga, högg-, stungu- eða eggvopna.
2. Efna og tækja, sem eftir skilgreiningu 1. gr. teljast ekki til skotvopna, skotfæra, sprengiefna eða skotelda, en hafa svipaða eiginleika og verkanir.

**4. gr.**

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi, sem upp kann að koma um gildissvið laganna.

## II. KAFLI

### Framleiðsla, innflutningur, útflutningur og verslun.

#### 5. gr.

Enginn má framleiða skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er þó handhafa skotvopnaleyfis að hlaða skot-hylki í þau vopn, sem hann hefur leyfi fyrir.

#### 6. gr.

Leyfi samkvæmt 5. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa náð 20 ára aldri og eru ábyggilegir og sýna fram á, að þeir hafi nægilega kunnáttu til þess að framleiða greindar vörur.

Heimilt er að veita skráðu félagi eða firma leyfi samkvæmt 5. gr., enda tilnefni það einn mann eða fleiri, er uppfylli skilyrði 1. mgr., til þess að annast framleiðsluna.

Dómsmálaráðherra setur. að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins, reglur um framleiðslu á greindum vörum, þar á meðal, hvaða vörur megi framleiða, um búnað framleiðsluhúsnæðis, svo og setur hann nauðsynlegar öryggisreglur.

#### 7. gr.

Enginn má flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi. Í leyfisumsókn skal nákvæmlega tilgreina tegund og magn vörunnar. Óheimilt er að tollagreiða greindar vörur fyrr en leyfi liggur fyrir.

Eigi er heimilt að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir skotvopna (þar með talin sjálfvirk skotvopn), skotfæra, skotelda eða sprengiefna nema nauðsyn krefji. Dómsmálaráðherra setur frekari reglur um innflutning greindra efna og tækja, þar á meðal getur hann ákveðið nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

#### 8. gr.

Enginn má flytja úr landi skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins. Heimilt er dómsmálaráðherra að fela lögreglustjórum að veita slík leyfi.

Eigi þarf leyfi fyrir greindum tækjum og efnum, sem flutt eru úr landi með skipum eða flugförum, ef vörur þessar teljast vera nauðsynlegur búnaður skips eða flugfars.

#### 9. gr.

Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu.

#### 10. gr.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita þeim einstaklingum, sem hafa verslunarleyfi, eru ábyggilegir og hafa sérþekkingu á þeim vörum, er þar um ræðir.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. 9. gr. má aðeins veita skrásettu firma eða félagi, sem hefur verslunarleyfi, enda tilnefni firmað eða félagið ábvæggilegan mann með sérþekkingu á umræddum vörum, er hafi umsjón með daglegri verslun og ábyrgist vörslu varanna ásamt stjórnendum firmans eða félagsins.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita félögum leyfi til þess að selja skotelda í smásölu, enda þótt þeir hafi ekki verslunarleyfi.

Aðeins skal veita þeim leyfi, samkvæmt 9. gr., sem hafa til umráða fullnægjandi húsnæði til þess að geyma í þargreindar vörur. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um slíkt húsnæði, svo og reglur um vörslu varanna.

Áður en leyfi samkvæmt 9. gr. er veitt, skal leita umsagnar viðkomandi lögreglustjóra svo og slökkviliðsstjóra eða annarra þeirra aðila, sem með brunamál fara.

Leyfi samkvæmt 9. gr. skal eigi veita til lengri tíma en 5 ára og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til að mati dómsmálaráðuneytisins.

#### 11. gr.

Verslunareigendur, innflytjendur og framleiðendur skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, skulu jafnan gefa viðkomandi lögreglustjóra, hvenær sem hann óskar þess, nákvæmar upplýsingar um seldar vörur og óseldar vörubirgðir.

Lögreglustjóri getur, hvenær sem er og án sérstakrar heimildar krafist þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar eða sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar.

#### 12. gr.

Óheimilt er þeim, sem hafa fengið verslunaleyfi samkvæmt 9. gr. að selja eða á annan hátt að afhenda þargreindar vörur öðrum en þeim, sem sýna skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa eða taka á móti vörunum eftir ákvæðum laga þessara.

#### 13. gr.

Óheimilt er þeim, sem versla með skotvopn eða sprengiefni að nota það nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

### III. KAFLI

#### Um meðferð skotvopna og skotfæra.

#### 14. gr.

Hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

Leyfi samkvæmt 1. mgr. (skotvopnaleyfi) skulu vera skrifleg. Skal í þeim tilgreina nafn, nafnnúmer, stöðu og heimilisfang leyfishafa. Einnig skal nákvæmlega tilgreina, hvaða skotvopn eru leyfð, þar á meðal tegund, hlaupvídd og númer þess. Lögreglustjóri getur sett sérstök skilyrði í leyfið, ef hann telur þess þörf.

Skotvopnaleyfi skulu eigi gefin út til lengri tíma en 10 ára í senn og til skemmri tíma, ef ástæða þykir vera til þess.

Skotvopnaleyfi gilda hvar sem er á landinu.

#### 15. gr.

Aðeins má veita þeim einstaklingi leyfi til þess að eignast skotvopn, er sýnir fram á, að honum sé það gagnlegt eða nauðsynlegt.

Aðeins getur sá einstaklingur fengið leyfi til þess að eiga skotvopn, sem uppfyllir eftirgreind skilyrði:

1. Hefur náð 20 ára aldri og hefur ekki verið sviptur sjálfræði.
2. Hefur ekki gerst brotlegur við ákvæði almennra hegningarlaga, áfengislaga eða laga, er varða meðferð skotvopna.
3. Hefur nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn, er andlega heilbrigður, og er að öðru leyti hæfur til þess að fara með skotvopn.

Lögreglustjóri getur veitt þeim leyfi fyrir skotvopni, þótt sá hafi brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið að brot var framið enda sýni umsækjandi fram á að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn.

Dómsmálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Dómsmálaráðherra getur sett nánari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þar á meðal sett sérstakar reglur varðandi vopn, er teljast vera sérstaklega hættuleg.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita félögum eða stofnunum leyfi til þess að eiga skotvopn, ef slíkir aðilar þurfa starfsemi sinnar vegna nauðsynlega á þeim að halda, enda sé tilnefndur ákveðinn aðili, er annist vörslu skotvopnanna og tilheyrandi skotfæra.

17. gr.

Lögreglustjórar skulu halda skrá yfir veitt skotvopnaleyfi eftir nánari reglum, er dómsmálaráðherra setur.

18. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að selja, gefa eða afhenda á annan hátt skotvopn til eignar nema viðtakandi sýni fram á, að hann hafi leyfi lögreglustjóra, sbr. 14. gr.

Eigendum skotvopna er óheimilt að lána til afnota skotvopn nema þeim, sem leyfi hafa til að nota samskonar skotvopn. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um, að eiganda skotvopns sé heimilt að lána það eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

19. gr.

Hver sá, sem ber á sér eða notar skotvopn, skal hafa skotvopnaleyfi meðferðis og sýna það, er löggæslumaður krefst þess. Nú sýnir maður eigi skotvopnaleyfi, getur þá löggæslumaður tekið vopnið í sína vörslu til bráðabirgða, þar til viðkomandi leggur fram skilríki fyrir því, að hann hafi heimild til þess að nota vopnið.

20. gr.

Þeir, sem fara með eða nota skotvopn, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Óheimil er meðferð skotvopna, sé viðkomandi undir áhrifum áfengis eða annarra vímuegja.

Eigi má hleypta af skoti á vegum, yfir vegi, á almannafæri eða annars staðar, þar sem hætta getur stafað af, nema nauðsyn krefji.

Eigi má maður hleypta af skoti á annars manns landi eða skjóta yfir annars manns land án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Mál út af þessari málsgrein skal því aðeins höfða, að sá krefjist, sem misgert var við.

21. gr.

Aðeins má afhenda þeim skotfæri, sem hafa skotvopnaleyfi. Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um sölu skotfæra.

22. gr.

Eigendur eða umráðahafar skotfæra og skotvopna skulu ábyrgjast vörslu þeirra og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

23. gr.

Skotfélögum eða öðrum aðilum er óheimilt að efna til skotkeppni eða skotæfinga nema á svæði, er hlotið hefur viðurkenningu lögreglustjóra.

24. gr.

Ef skotvopn eyðileggst, týnist eða því er stolið, skal eigandi þess tilkynna lögreglu þegar um það.

#### IV. KAFLI

##### Um meðferð sprengiefnis.

###### 25. gr.

Hver sem vill kaupa sprengiefni, verður að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfisbeiðandi hefur lögheimili. Ef umsækjandi er ópersónulegur aðili, þá veitir sá lögreglustjóri leyfið, þar sem starfsstöð umsækjandans er.

Aðeins má veita þeim leyfi til þess að kaupa sprengiefni, sem sýna fram á, að þeim sé það nauðsynlegt.

Levfi samkvæmt þessari grein skulu gefin út fyrir ákveðinni tegund og magni sprengiefnis.

Eigendur sprengiefna skulu ábyrgjast vörslu sprengiefnisins og sjá um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess.

Sé leyfi samkvæmt 1. mgr. veitt ópersónulegum aðila, þá skal að jafnaði tilnefna ákveðinn mann eða menn, er annast vörslu sprengiefnisins.

Óheimilt er þeim, er fengið hafa leyfi til þess að kaupa sprengiefni, að afhenda það öðrum nema með leyfi viðkomandi lögreglustjóra.

###### 26. gr.

Þeir einir mega fara með sprengiefni og annast sprengingar, sem hafa fengið leyfi lögreglustjóra til þess. Leyfið veitir lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem umsækjandi á lögheimili.

Aðeins má veita þeim leyfi samkvæmt 1. mgr., sem hafa að mati Öryggiseftirlits ríkisins næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni.

Þeir, sem fara með og nota sprengiefni, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

###### 27. gr.

Sprengiefni skal geyma í sérstökum sprengiefnageymslum.

Sprengiefni má geyma á öðrum stöðum í litlum mæli, ef þörf gerist vegna notkunar, enda sé það þá geymt í þar til gerðum hirslum eða kössum.

Dómsmálaráðherra skal setja ákvæði í reglugerð um geymslu á sprengiefni, um flutning á því og um meðferð þess að fengnum tillögum Brunamálastofnunar ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins.

###### 28. gr.

Nú finnst sprengiefni eða hlutir, sem ætla má að hafi að geyma sprengiefni, rekið á land eða á víðavangi, skal þá finnandi, landeigandi eða ábúandi tilkynna lögreglustjóra þegar um fundinn.

#### V. KAFLI

##### Um meðferð skotelda.

###### 29. gr.

Skotelda má eigi selja yngri mönnum en 16 ára. Dómsmálaráðherra er þó heimilt að ákveða að selja megi yngri mönnum skotelda, ef þeir valda óverulegri hættu.

###### 30. gr.

Þeir, sem fara með skotelda, skulu ætíð gæta fyllstu varúðar.

Dómsmálaráðherra getur sett reglur um sölu og meðferð skotelda, þ. á m. getur hann sett reglur um að eigi megi selja almenningi ýmsar skaðlegar tegundir skotelda.

## VI. KAFLI

### Afturköllun leyfa og málskot.

#### 31. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum getur leyfisveitandi afturkallað, hvenær sem er, ef eigi teljast lengur vera fyrir hendi nauðsynleg skilyrði fyrir leyfinu, ef leyfishafi hefur eigi farið eftir settum fyrirmælum eða ef ætla má að leyfishafi muni fara óforsvaranlega með efni og tæki, er leyfið tekur til.

Þegar um er að ræða leyfi, samkvæmt 14. gr. eða 26. gr., skal lögreglustjóri í því umdæmi, sem leyfishafi á lögheimili, taka ákvörðun um leyfissviptingu án tillits til þess, hvar leyfi er upphaflega gefið út. Ef sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því sérstakar ástæður.

Dómsmálaráðherra getur fyrirskipað að afturkalla skuli leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

#### 32. gr.

Þegar leyfi samkvæmt lögum þessum er afturkallað, skal sá, sem sviptur er leyfinu, skila því til lögreglu ásamt efnum og tækjum, sem hann hefur í vörslum sínum samkvæmt leyfinu.

Ef eigi eru fyrir hendi skilyrði til eignarupptöku, getur lögreglustjóri, að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu, ákveðið, að selja greindan varning. Söluandvirði, að frádregnum kostnaði, skal þá renna til eiganda.

Nú telur lögreglustjóri tæki eða efni svo lélegt, að eigi sé rétt að selja það, skal þá eyðileggja það eða gera óvirkt án greiðslu bóta til handa eiganda. Sama gildir um tæki og efni, sem mönnum er almennt óheimilt að hafa í vörslu sinni.

#### 33. gr.

Ákvörðun, sem lögreglustjóri tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara og varðar einstakling, getur sá einstaklingur kært til dómsmálaráðuneytisins.

Kæra þarf að hafa borist dómsmálaráðuneytinu innan mánaðar frá því að kærandi fékk vitneskju um niðurstöðu lögreglustjóra.

Eigi frestar málskot leyfissviptingu eða verkun hennar.

## VII. KAFLI

### Refsingar, eignarupptaka o. fl.

#### 34. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

#### 35. gr.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Skotvopn, skotfæri, skotelda og sprengiefni, sem flutt hefur verið til landsins eða framleitt er í landinu án heimildar eða finnst vörslulaust eða er í vörslu manns án heimildar samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nú fremur maður brot með nefndum tækjum eða efnum og skilyrði til upptöku þeirra er fyrir hendi, og er þá heimilt, ef brot er stórfellt, að gera einnig upptæk önnur slík tæki og efni, sem sökunautur hefur leyfi fyrir.

Að öðru leyti skal fara um eignarupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. almennra hegningarlaga.

#### 36. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

### 37. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 69 frá 23. júní 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, svo og 23. gr. og 24. gr. laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Öll skotvopnaleyfi, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Fyrir þann tíma skulu þeir, sem óska eftir framlengingu leyfa, sækja um það til viðkomandi lögreglustjóra. Nú sækir maður eigi um leyfi eða er synjað um það, skal hann þá tafarlaust skila lögreglu þeim skotvopnum og skotfærum, sem hann hefur undir höndum.  
Ef eigi eru skilyrði til eignarupptöku, þá skal fara um sölu sem segir í 32. gr.
2. Öll leyfi til verslunar og innflutnings efna og tækja samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr., sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi ekki um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma, eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar vörubirgðir greindra efna og tækja, er hann hefur undir höndum.
3. Öll leyfi, sem gefin hafa verið út til framleiðslu á efnum og tækjum samkvæmt 1. til 4. mgr. 1. gr. fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1978. Nú sækir leyfishafi eigi um framlengingu leyfis fyrir þennan tíma eða er synjað um leyfi, skal dómsmálaráðuneytið þá ákveða, hvernig fara skuli með óseldar framleiðslubirgðir.
4. Öll leyfi til manna að mega annast sprengingar, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laga þessara, skulu falla úr gildi 1. janúar 1979.
5. Dómsmálaráðherra getur framlengt fresti þá, sem greindir eru í bráðabirgða-ákvæðum þessum, svo og getur hann sett nánari reglur um aðra framkvæmd ákvæða þessara.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta Alþingi. Varð það ekki útrætt, en allsherjarnefnd efri deildar hafði fjallað um það og lagt fram breytingartillögur, sem samþykktar voru við 2. umræðu í deildinni. Þær breytingar hafa nú verið felldar inn í frumvarpið. Þá var við 3. umræðu í deildinni samþykkt breytingartillaga við 7. gr. frv. Hefur greinin nú verið endurskrifuð til að taka upp meginefni þeirrar breytingar, sem beinist að því að hanna innflutning sérstaklega hættulegra tegunda af varningi þeim, sem frv. fjallar um, einkum þó sjálfvirkra skotvopna. Þá hefur verið bætt inn í 35. gr., ákvæði um upptöku tækja og efna brotamanns, annarra en þeirra, sem brot er framið með. Að öðru leyti er frv. efnislega óbreytt frá fyrra frv.

Athugasemdunum hefur verið breytt til samræmis við hin breyttu ákvæði.

#### Almennar athugasemdir.

Hér á landi voru fyrst sett ákvæði um skráningu skotvopna, svo og ákvæði um innflutning, sölu skotvopna, skotfæra og sprengiefna, með lögum nr. 69 frá 1936. Samkvæmt heimild í lögnum var á sama ári sett reglugerð, er kvað nánar á um framkvæmd laganna.

Lögum þessum hefur ekki verið breytt og aðeins ein smávægileg breyting hefur verið gerð á reglugerðinni á árinu 1966, þegar sett voru ákvæði um svokallaða loft-riffla.

Í gildandi lögum er eigi kveðið á um ýmis atriði, sem nauðsynlegt er að skýrar reglur séu um. Ákvæði skortir t. d. um meðferð, geymslu og flutning á sprengiefni.

Þörf er skýrari ákvæða um ýmis atriði varðandi sölu og meðferð skotvopna og skotfæra. Einnig er þörf frekari ákvæða um meðferð, sölu og framleiðslu á skoteldum. Vegna þess, hve gildandi ákvæði um skotvopn, sprengiefni og skotelda eru fábrotin, hafa í framkvæmd mótast mismunandi reglur í hinum einstöku lögsagnarumdæmum, og má þar einkum nefna reglur um skráningu skotvopna. Það er því orðin þörf á að endurskoða gildandi lög og setja skýrari og fyllri reglur um þetta efni. Með þessu frumvarpi er stefnt að því.

Enda þótt frumvarpið sé mun ýtarlegra en ákvæði gildandi laga, er þörf á að setja í reglugerð frekari ákvæði um tiltekin atriði, svo sem flutning og geymslu sprengiefnis og meðferð þess, um sölu og framleiðslu skotelda, svo og um ýmis fleiri atriði.

Haft hefur verið samráð við nokkrar stofnanir og embætti svo sem Öryggis-  
eftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, slökkviliðsstjórnann í Reykjavík og lög-  
reglustjórnann í Reykjavík og fleiri aðila um samningu einstakra þátta frumvarpsins. Allir þessir aðilar hafa gefið gagnlegar ábendingar.

Við samningu frumvarpsins var höfð til hliðsjónar samsvarandi löggjöf nágranna-  
þjóða, einkum norskar og danskar reglur. Að meginstefnu til gilda á öllum hinum  
Norðurlöndunum svipaðar reglur um þetta efni. Í Danmörku eru sérstök lög um vopn,  
er taka fyrst og fremst til skotvopna og skotfæra. Sérstök lög eru þar um sprengi-  
efni og enn önnur um skotelda. Í Noregi eru lög um skotvopn og skotfæri. Nýlega  
hafa verið samþykkt í Noregi lög um sprengiefni. Í þeim lögum er fjallað bæði  
um sprengiefni og skotelda. Í Svíþjóð eru svipaðar reglur að þessu leyti og í Noregi.

Til álita kom, hvort setja ætti ein lög um skotvopn, skotfæri, sprengiefni og  
skotelda eða hvort rétt væri að hafa sérstök lög um skotvopn og skotfæri og önnur  
um sprengiefni og skotelda. Tekinn var fyrri kosturinn. Er það í samræmi við  
gildandi lög. Auk þess er hér um efni að ræða, sem svipaðar reglur hljóta að gilda  
um, enda enginn verulegur eðlismunur á skotfærum, skoteldum og sprengiefni.

Einnig kom til álita, hvort rétt væri að láta ákvæði frumvarpsins ná til ýmissa  
sprengjanlegra efna auk venjulegra sprengiefna. Sú stefna var tekin að láta frum-  
varpið fyrst og fremst taka til eiginlegra sprengiefna, en ekki efna, sem eru sprengj-  
anleg undir vissum kringumstæðum.

Frumvarpið skiptist í sjö kafla. Fyrsti kaflinn fjallar um gildissvið laganna.  
Annar kaflinn fjallar um framleiðslu, innflutning og sölu skotvopna, skotfæra,  
sprengiefna og skotelda. Þriðji kaflinn fjallar eingöngu um skotvopn og skotfæri,  
skráningu skotvopna, meðferð og fleira. Fjórdi kaflinn fjallar um sprengiefni,  
hverjir megi kaupa það, svo og um notkun þess, geymslu og aðra meðferð. Fimmti  
kaflinn fjallar um skotelda. Sjötti og sjöundi kafli frumvarpsins fjallar um ýmis  
sameiginleg atriði, er taka til skotvopna, skotfæra, sprengiefna og skotelda, svo  
sem afturköllun leyfa, áfrýjun til æðra stjórnvalds, refsingar, eignarupptöku og  
fleira.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um I. kafla.

Eins og áður er getið um fjallar þessi kafli um gildissvið frumvarpsins.

Um 1. gr.

Til þess að afmarka gildissvið frumvarpsins er sá kostur tekinn að skilgreina  
meginhugtök þeirra efna og tækja, er frumvarpið tekur til. Hér er ekki um tæmandi  
skilgreiningu að ræða, heldur er hún til leiðbeiningar fyrst og fremst. Ráðherra  
er heimilt að ákveða frekar en um getur í 1. til 4. mgr. hvaða efni og tæki skuli  
teljast skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skoteldar.

Hvort tiltekið vopn eða tæki sé skotvopn samkvæmt skilgreiningu 1. mgr., getur  
verið vafi á. Svokallaðar naglabyssur eru ekki vopn, en teljast vera hættuleg tæki,  
sem mundu falla undir skilgreiningu 1. mgr.



Svo sem áður er á minnst, merkir sprengiefni í frumvarpinu aðeins venjulegt sprengiefni, en nær ekki til ýmis konar efna, sem eru sprengjanleg undir vissum kringumstæðum svo sem ýmsar eldfimar og sprengifimar gastegundir. Í þessu sambandi er rétt að hafa til hliðsjónar afmörkum hugtakanna sprengiefni og skoteldur í skýringum við Brüssel-tollnafnaskrána, sem gefin er út af tollasamvinnuráðinu í Brüssel, sem Ísland er aðili að. Íslenska tollskráin byggir að öllum stofni til á þessari tollnafnaskrá eins og önnur lönd Vestur-Evrópu. Einnig má benda á skilgreiningu alþjóða siglingamálastofnunarinnar I. M. C. O. á sprengiefni.

Orðið skoteldur kemur fyrst fyrir í lagamáli í lögum nr. 20 frá 1875 um brunamál í Reykjavík. Það kemur einnig fyrir í reglugerð nr. 258 frá 1964 um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum. Merking hugtaksins er hér svipuð og danska orðsins fyrirkeri.

Vegna þess að hugtökin skotvopn, skotfæri sprengiefni og skoteldur eru eigi skýrt afmörkuð samkvæmt 1.—4. mgr., geta komið upp mörg takmarkatilvik. Einkum geta verið óljós mörk milli skotelda og sprengiefna.

Venjulegt sprengiefni er í flestum skotfærum og skoteldum. Ákvæði frumvarpsins um sprengiefni skv. IV. kafla frumvarpsins mundi ekki eiga við um þess konar sprengiefni, þegar það er hluti af skotfærum eða skoteldi. Í þeim tilvikum ætti ákvæði frumvarpsins um skotfæri eða skoteld við.

Í 5. mgr. er heimild fyrir ráðherra að ákveða, að ákvæði frumvarpsins taki til hluta úr efnum og tækjum skv. 1.—4. mgr. Hvort nauðsynlegt þykir að setja slík ákvæði er ekki fyllilega ljóst, en æskilegt er að ráðherra hafi slíka heimild.

#### Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. tekur frumvarpið ekki til vopna, tækja og efna, sem eru í eigu landhelgisgæslu og lögreglu. Aðeins tæki eða efni, sem eru í eigu ríkissjóðs, þ. e. landhelgisgæslu eða lögreglu, falla utan ákvæða frumvarpsins. Þannig mundu ákvæði frumvarpsins taka til vopna, sem eru í eigu einstakra lögreglumanna.

Í 2. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem dómsmálaráðherra getur ákveðið, að ákvæði frumvarpsins gildi ekki um ákveðin efni og tæki, en honum er jafnframt heimilt að setja um þau sérstakar reglur.

Um naglabyssur gilda sérstakar reglur skv. reglugerð nr. 154 frá 1956, sem sett var samkvæmt heimild í lögum um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Í þessari reglugerð er fjallað um meðferð naglabyssa og sýnist því ekki vera sérstök ástæða til þess að setja frekari reglur um þessi tæki, nema um þau atriði, sem nefnd reglugerð fjallar ekki um, svo sem um innflutning og verslun.

Ekki er þörf á að setja ýtarlegar reglur um skotvopn, skotfæri eða skotelda, sem eingöngu er notað við björgunarstörf. Ekki er eðlilegt að leggja hömlur við sölu slíkra tækja. Ef setja ætti einhverjar reglur um þessi björgunartæki, þá ættu þær helst að miða að því að koma í veg fyrir, að misnotkun eigi sér stað með þeim hætti, að óviðkomandi aðilar, sem ekki þurfa á slíkum tækjum að halda, geti eignast þau og notað.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til hvalveiðibyssa, en geti sett um þær sérstakar reglur.

Einnig er gert ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið, að lögin taki ekki til efna og tækja, sem falla mundu undir lögin samkvæmt skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr., ef þau valda óverulegri hættu.

#### Um 3. gr.

Nauðsynlegt getur verið að setja reglur um ýmis önnur vopn en skotvopn eða efni og tæki, sem falla utan ákvæða frumvarpsins skv. skilgreiningu 1.—4. mgr. 1. gr. Það þykir því rétt að veita ráðherra heimild til þess að setja slíkar reglur. Í nágrannalöndunum gilda svipaðar reglur t. d. í Danmörku og Noregi eru lagðar hömlur við almennri sölu hnifa af tiltekinni lengd. Skv. norskum reglum er bannað

að selja barni yngra en 16 ára stungu- eða höggvopn eða hnífa með blaðlengd yfir 25 cm. Skv. dönskum reglum eru lagðar hömlur við sölu beittra hnífa með blaðlengd yfir 12 cm, svo og kasthnífa og ýmissa annarra vopna og hættulegra áhalda, svo sem hnúajárna.

Benda má í þessu sambandi á, að unnt er nú að fá keypta stóra og kraftmikla örvarboga, sem eru hættulegir. Einnig eru á markaði ýmsar gerðir hættulegra hnífa.

Varðandi 2. tl. eru einkum höfð í huga ýmis konar efni og tæki, sem ekki falla undir frumvarpið samkvæmt skilgreiningu 1. gr., en hafa svipaða eiginleika. Nefna mætti óæskilegar tegundir leikfangaskotvopna. Eins er með margs konar efni, sem geta valdið óþægindum, eða jafnvel skaða.

#### Um 4. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

#### Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um framleiðslu, innflutning, útflutning og verslun með skotvopn, skotfæri, sprengifæri og skotelda.

#### Um 5. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli.

Í gildandi lögum er eigi að finna bein ákvæði um framleiðslu greindra efna og tækja, að undanskildum ákvæðum í lögum um brunavarnir og brunamál nr. 55 frá 1969, en í 23. gr. laganna er svofellt ákvæði: „Engum er heimilt að búa til púður eða sprengiefni nema hann hafi þar til leyfi ráðherra, sem þá setur jafnframt skilyrði til öryggis almenningi og þeim, er að slíkri framleiðslu vinna.“ Þetta ákvæði er tekið óbreytt úr eldri lögum um brunavarnir og brunamál nr. 37 frá 1948. Þar sem brunavarnir og brunamál heyra undir félagsmálaráðuneytið mun í tilgreindu ákvæði átt við félagsmálaráðherra. Samkvæmt reglugerð um Stjórnarráð Íslands nr. 96 frá 1969 heyrir eftirlit með innflutningi, framleiðslu, sölu og meðferð skotvopna, skotfæra og sprengja undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið og er því eðlilegt, að fyrrgreind 23. gr. í lögum nr. 55 frá 1969 verði felld niður, enda óþörf, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Í landinu eru hvorki skotvopna- né sprengiefnaverksmiðjur starfandi, en hins vegar eru a.m.k. tvær flugeldaverksmiðjur. Þar sem hér er um að ræða framleiðslu á hlutum, sem geta valdið skaða á mönnum og munum, er nauðsynlegt, að ríkisvaldið hafi visst eftirlit með þessari framleiðslu og setji um hana reglur.

#### Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Gert er ráð fyrir, að framleiðslan verði í höndum kunnáttumanna. Í frumvarpinu eru ekki markaðar ákveðnar kröfur um kunnáttu eða með hvaða hætti megi prófa hér hæfni manna og þekkingu. Er eðlilegt, að ráðuneytið setji um þetta frekari reglur.

Hér er um að ræða framleiðslu á hættulegum varningi, sem sérstök ástæða er til að setja fyrirmæli um, einkum að því er tekur til samsetningar vörunnar og innihalds. Einnig er nauðsynlegt að tryggja umbúnað á vinnustað sem best, sérstaklega vegna sprengi- og eldhættu. Af þessum sökum er í síðustu málsgrein lögð á það áhersla, að dómsmálaráðherra setji reglur um nefnd atriði.

#### Um 7. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði þess efns, að eigi megi flytja til landsins eða versla innanlands með neins konar skotvopn, sprengjur eða skotfæri eða efni eða hluti í þau, nema hann hafi áður fengið til þess leyfi dómsmálaráðherra. Á grund-

velli þessa ákvæðis hefur heilidsölum og smásölum verið veitt leyfi til innflutnings og sölu skotvopna og skotfæra og annarra nefndra vara. Leyfi þessi hafa að jafnaði verið ótímabundin. Í framkvæmd hefur ekki þurft að sækja um leyfi til ráðuneytisins fyrir hverri og einni vörusendingu. Meira eftirlit hefur þó verið með innflutningi á skoteldum. Hefur lögreglustjóraembættið í Reykjavík fylgst með innflutningi á þess konar vörum, enda ætíð hætta fyrir hendi að inn séu fluttir ýmsir skoteldar, sem óæskilegir mega teljast.

Í þessari grein er svo fyrir mælt, að ekki megi flytja til landsins skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda nema veitt leyfi sé fyrir hverri og einni vörusendingu. Með þessu ætti að vera hægt að hafa eftirlit með innflutningnum og koma í veg fyrir að inn séu fluttar vörur, sem eru óæskilegar eða óleyfilegar samkvæmt settum reglum og fyrirmælum. Dómsmálaráðuneytinu er ætlað að veita þessi leyfi, en þó er jafnframt gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti falið lögreglustjórum leyfisveitingar þessar. Geta má þess, að í flestum nágrannalanda eru sams konar reglur í gildi.

Langmestur hluti umræddra vara er tollafgreiddur í Reykjavík. Rétt er í þessu sambandi að benda á ákvæði í 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, er segir, að fjármálaráðherra sé heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að tilteknar vörur, svo sem lyf, eiturefni og aðrar slíkar vörur skuli aðeins tollafgreiða í Reykjavík. Ákvæði þetta gefur möguleika til þess, ef ástæða þykir vera til þess, að ákveða, að skotvopn og aðrar umræddar vörur verði aðeins tollafgreiddar í Reykjavík, en það hefur visst hagræði í för með sér.

Hvorki í gildandi lögum né reglugerðum er að finna reglur, er banna innflutning og notkun tiltekinna skotvopna, sprengiefna eða skotelda. Í síðustu málsgrein er kveðið á um að óheimilt sé að flytja til landsins sérstaklega hættulegar tegundir. Gert er ráð fyrir að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um hvaða efni og tæki megi flytja til landsins.

Víða erlendis gilda ákveðnar reglur um gæðamat skotvopna, bæði varðandi framleiðslu og innflutning. Hugsanlega kæmi til greina að koma slíku gæðamati á hér. Kæmi þá helst til greina að styðjast við erlendar prófanir, svo sem nú er gert með svokallaðar naglabyssur. Samkvæmt reglum um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssa nr. 154 frá 1956 skulu eigi aðrar gerðir af naglabyssum vera á markaði en þær, sem Öryggiseftirlit ríkisins viðurkennir. Samkvæmt upplýsingum Öryggiseftirlit ríkisins er hér að verulegu leyti byggt á prófunum erlendra prófstöðva.

Í þessari grein er ekki tekið fram um heimild til handa útlendingum að flytja inn skotvopn. Í undantekningartilvikum getur þó verið ástæða til að veita útlendingum slíka heimild. Með vísun til síðustu málsgreinar hefur ráðherra heimild til þess að setja reglur um þetta efni.

#### Um 8. gr.

Eðlilegt þykir að setja ákvæði um útflutning, enda þótt hér sé að svo stöddu eigi um raunhæft atriði að ræða nema í þeim tilfellum, þegar eigendur skotvopna flytja með sér skotvopn við brottför frá landinu.

#### Um 9. gr.

Hér er um sams konar leyfi að ræða og nú tíðkast þ. e. almenn leyfi til innflutnings og verslunar.

Ákvæði 2. mgr. er að því leyti nýmæli, að gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra eða lögreglustjórar veiti leyfi til sölu skotelda í smásölu í stað slökkviliðsstjóra eða brunamálanefndar, eins og nú er. Svo sem áður er á minnst, er lagt til, að öll mál varðandi meðferð skotelda heyri undir lögreglustjóra landsins og dómsmálaráðuneytið.

#### Um 10. gr.

Í þessari grein eru tilgreind nokkur skilyrði fyrir leyfum samkvæmt 9. gr. Eru þau flest nýmæli, enda þótt í sumum tilvikum hafi í framkvæmd verið reynt að fylgja svipuðum reglum.

Í 1. og 2. mgr. er það skilyrði sett, að leyfishafi þurfi að hafa sérþekkingu á þeim vörum, er hann fær leyfi til að selja. Innihald þessa ákvæðis fer að sjálf-sögðu eftir því, hvaða þekkingarkröfur gerðar kunna að vera.

Ákvæði 3. mgr. er í samræmi við tíðkanlega venju. Ýmis félagssamtök, einkum skátafélög, íþróttafélög og björgunarfélög, hafa fengið heimild til þess að selja flugelda um áramót.

Í 4. mgr. eru gerðar strangari kröfur til verslunarhúsnæðis, þar sem sala á skotvopnum og öðrum umgetnum vörum fer fram. Hér er ráðherra heimilað að setja reglur um búnað slíks verslunarhúsnæðis og um vörslu umgetinna vara.

Vegna þeirrar brunahættu, sem af sprengiefni og skoteldum stafar, er skylt samkvæmt 5. mgr. að leita álits brunamálayfirvalda áður en söluleyfi er veitt.

Samkvæmt 6. mgr. er fyrir mælt, að leyfi samkvæmt 9. gr. skuli gilda um ákveðinn tíma. Auðveldar það að fylgjast með því, að leyfishafi fullnægi á hverjum tíma settum skilyrðum.

#### Um 11. gr.

Auka þarf eftirlit með því, að verslanir fylgi settum reglum og eiga ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að stuðla að því.

Ákvæði 2. mgr. gefur lögreglustjóra heimild til þess að fá aðgang að húsnæði, þar sem skotvopn, skotfæri, skoteldar og sprengiefni er framleitt eða þar sem birgðir af þessum vörum eru geymdar, án dómsúrskurðar.

#### Um 12. gr.

Ákvæði þessarar greinar leggja ótvíræða skyldu á verslunareigendur að afhenda eigi þessarar vörur nema kaupendur leggi fram skilríki fyrir því, að þeir megi kaupa þær. Ef út af því er brugðið, gætu seljendur bakað sér refsíabýrgð og ættu á hættu, að söluleyfið yrði afturkallað.

#### Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast eigi skýringa.

#### Um III. kafli.

Þessi kafli laganna fjallar um meðferð skotvopna og skotfæra og heimild manna til þess að eiga og nota þau.

Skráning skotvopna hófst hér á landi á árinu 1936. Þá voru sett lög um með-ferð skotvopna, innflutning og sölu þeirra. Ekki hefur verið fullkannað, hve mörg skotvopn eru nú skráð í landinu. Eftir upplýsingum frá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík hafa tæplega 7 þúsund skotvopnaleyfi verið gefin út í Reykjavík frá því að byrjað var að skrá skotvopn. Þessi tala segir að vísu ekki til um raunverulegan fjölda skotvopna. Veldur því einkum, að stundum eru fleiri en eitt skotvopn skráð í sama skotvopnaleyfi, ef sami maður á fleiri en eitt skotvopn. Á móti kemur, að í greindri tölu eru skotvopn, sem orðin eru ónýtt og skotvopn brottfluttra manna úr umdæminu og einnig er í sumum tilfellum sama skotvopn skráð oftast en einu sinni, ef það hefur gengið kaupum og solum. Hjá bæjarfógetaembættinu á Akureyri fengust þær upplýsingar, að síðan 1968 hafa öll skotvopn verið endurskráð og hafa síðan þá verið endurskráð og nýskráð um 1 þúsund skotvopn. Bæjarfógeti telur, að eitthvað sé ennþá af óskráðum skotvopnum í umdæminu, sem ekki hefur verið komið með til endurskráningar. Hjá bæjarfógetaembættinu í Kópavogi fengust þær upplýsingar, að rúmlega 600 skotvopnaleyfi hafi verið

gefin þar út frá því að embættið var stofnað á árinu 1955. Svo sem áður var sagt, gefa þessar tölur ekki rétta hugmynd um fjölda skotvopna. Ekki þótti vera sérstök ástæða til þess að kanna ýtarlega skotvopnafjölda í landinu. Miðað við fengnar upplýsingar er ekki ólíklegt, að um 15 til 16 þúsund skotvopn séu nú til í landinu. Flest þessi skotvopn eru haglabyssur og riffilar. Örfáar skammbyssur hafa verið skráðar.

Á árinu 1968 var gerð gangskör að því að hafa uppi á skotvopnum, sem menn áttu, en höfðu ekki fengið leyfi fyrir. Var mönnum gefinn kostur á að skila til lögreglu óskráðum vopnum eða fá þau skráð fyrir ákveðinn tíma, enda yrði ekki komið fram refsíabýrgð á hendur þeim, ef þeir sinntu áskoruninni. Þessar aðgerðir leiddu til þess, að milli 200 og 300 skammbyssum var skilað. Telja verður, að mjög fáar skammbyssur séu til í landinu. Gildandi reglur um skotvopn eru fremur fábrotnar. Þeim til fyllingar hafa mótast reglur eða venjur, sem ekki eru eins um allt land. Má þar til nefna, að í sumum umdæmum er það gert að skilyrði, að leyfishafi sé orðinn 20 ára. Annars staðar viðgengst, að yngri menn fái skotvopn, jafnvel allt niður í 16 ára aldur. Þó mun hafa á síðari árum orðið breyting í þá átt, að víðast hvar er nú miðað við 20 ára aldur.

Svo sem áður er minnst, hafa reglur nágrannaþjóða verið hafðar til hliðsjónar við samningu þessa frumvarps. Verður hér nú vikið að helstu reglum, sem gilda um skotvopn á Norðurlöndum, þ. e. hverjir meggi eða geti fengið skotvopn til eignar og nota.

Í Noregi gilda þær reglur, að sá sem vill eignast skotvopn, þarf að sýna fram á, að hann hafi þörf fyrir það. Hann þarf að vera reglusamur og heiðarlegur, vera orðinn 16 ára hið minnsta, í sumum tilvikum 18 ára, og allt upp í 21 árs, þegar um hættulegri vopn er að ræða (revolver og skammbyssur). Enginn getur átt nema eitt skotvopn af hverri gerð nema hann geri sérstaklega grein fyrir þörf til að eiga fleiri. Ópersónulegur aðili getur eignast skotvopn, svo sem skotfélög og ýmsar stofnanir, sem hafa þörf fyrir það. Byssusöfn eru leyfð með leyfi ráðuneytisins.

Í Danmörku gilda þær reglur, að aðeins geti þeir fengið leyfi, sem sýni fram á sanngjarna ástæðu til þess að eiga skotvopn. Það eru nokkur tilvik tilgreind, þar sem eðlilegt þykir að veita leyfi, t. d. til meðlima skotfélaga í ákveðnum tilvikum eða meðlima veiðifélaga, til einstaklinga, sem sannanlega hafa not fyrir skotvopn til þess að fella veiðidýr, eða annarra, sem stunda veiðar, til ýmissa opinberra stofnana, sem þurfa á skotvopnum að halda. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að einungis í sérstökum tilvikum sé veitt leyfi fyrir skotvopni, samkvæmt dönskum reglum. Aðalreglan virðist vera sú, að menn þurfi að vera orðnir 18 ára til þess að geta fengið venjuleg skotvopn og 21 árs til þess að fá hættulegri skotvopn, t. d. skammbyssur og sjálvvirk vopn. Í undantekningartilvikum getur þó maður allt niður í 16 ára fengið slík leyfi fyrir ákveðnum tegundum skotvopna.

Í Svíþjóð gilda þær reglur, að leyfishafi þarf að hafa þörf fyrir skotvopnið. Skammbyssur eru leyfðar, en mun strangari kröfur eru gerðar til þeirra, sem fá slík leyfi. Aldursmarkið er yfirleitt 18 ár, en 21 árs fyrir skammbyssum. Menn þurfa að vera ábyggilegir og heiðarlegir til að geta fengið leyfi fyrir skotvopni.

Í Finnlandi gilda þær reglur, að sá einstaklingur, sem er ábyggilegur og reglusamur, getur fengið leyfi fyrir venjulegu skotvopni. Aldursmörk eru þar 15 til 18 ár, en upp í 21 ár, ef um skammbyssur er að ræða. Heimilt er að ákveða, að skotvopnaleyfi skuli gilda um ákveðinn tíma.

#### Um 14. gr.

Ákvæði 1., 2. og 4. mgr. þessarar greinar er að verulegu leyti í samræmi við núgildandi lög, enda þótt hér sé nánar tekið fram um ýmis atriði. Í mgr. er kveðið skýrt á um, að aðeins geti menn fengið leyfi hjá þeim lögreglustjóra í því umdæmi, sem menn eiga skráð lögheimili. Samkvæmt þessu geta útlendingar ekki fengið skotvopnaleyfi, sem hér dveljast, hafi þeir ekki lögheimili hérlendis. Í 1. mgr. segir, að

hver, sem vill kaupa eða á annan hátt eignast og nota skotvopn, þurfi að fá til þess leyfi lögreglustjóra. Þetta þýðir, að hvers konar eigendaskipti eru óheimil án leyfis lögreglustjóra, hvort sem eignarréttur yfirfærast við sölu, gjöf, við erfð eða á annan hátt. 2. mgr. er í samræmi við núverandi framkvæmd.

3. mgr. gerir ráð fyrir, að öll leyfi verði gefin út til ákveðins tíma og ekki til lengri tíma en 10 ára í senn. Svipuð ákvæði um tímabundin leyfi gilda, t.d. í Bretlandi. Ákvæði þetta ætti að stuðla að virkara eftirliti með skráningu skotvopna. Einnig ætti þetta að verða til þess, að auðveldara væri en ella að fylgjast með því, að leyfishafar uppfylltu hverju sinni nauðsynleg skilyrði.

#### Um 15. gr.

Samkvæmt reglugerð nr. 105 frá 1936 segir, að það skuli vera aðalregla, að þeim einum sé veitt heimild til þess að eiga eða hafa í vörslum sínum skotvopn, er sanni, að þeim sé það gagnlegt eða nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar. Ákvæði 1. mgr. er nokkuð í samræmi við gildandi ákvæði.

Að öðru leyti er ákvæði 15. gr. að verulegu leyti nýmæli. Auk ákvæða 1. mgr. þurfa þeir, sem eignast vilja skotvopn að uppfylla ákveðin skilyrði, sem tilgreind eru í 2. mgr. Samkvæmt 1. tölulið geta aðeins þeir, sem eru 20 ára og eldri, fengið leyfi fyrir skotvopni. Í gildandi lögum er eigi tilgreindur lágmarksaldur, en ákvæði 1. töluliðar er í samræmi við þá að venju, sem hefur skapast víðast hvar á landinu. Í sumum lögsagnarumdæmum hefur þó tíðkast, að yngri menn en 20 ára fái leyfi fyrir skotvopni. Nauðsynlegt er að sömu reglur gildi um allt land.

Ákvæði 2. töluliðar er nýmæli, enda þótt reynt hafi verið að fylgja svipuðum reglum í framkvæmd. Lögreglustjóra er heimilt samkvæmt 3. mgr. að veita þeim leyfi fyrir skotvopni, sem hafa brotið ákvæði laga þeirra, sem tilgreind eru í 2. tölulið, ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið síðan brot var framið, enda sýni umsækjandi fram á, að hann hafi ríka þörf fyrir að eiga skotvopn. Þeir, sem gerst hafa sekir um líkamsárás eða önnur ofbeldisverk eða hafa ítrekað gerst brotlegir við áfengislög, ættu að jafnaði ekki að fá skotvopnaleyfi.

Í 3. tölulið er það skilyrði sett, að umsækjandi verði að sýna nægilega kunnáttu til þess að fara með skotvopn. Hér er fyrst og fremst átt við, að viðkomandi hafi nægilega þekkingu á vopninu sjálfu, hættueiginleikum þess og kunni með það að fara og hafi jafnframt þekkingu á þeim ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að meðferð skotvopna svo og lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun

Í síðustu málsgrein er tekið fram, að dómsmálaráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef sérstaklega stendur á. Einnig er getið um í síðustu málsgrein, að dómsmálaráðherra geti sett frekari skilyrði en um getur í 1. og 2. mgr., þar á meðal geti hann sett sérstakar reglur varðandi vopn, sem teljast vera sérstaklega hættuleg. Ekki er alls staðar sams konar mat á því hvaða vopn teljast vera hættuleg. Víðast hvar á Norðurlöndum eru strangari reglur settar um skammbyssur og sjálfvirk vopn. Í Bretlandi eru reglur, sem flokka vopn í 4 meginflokkka eftir gerð og hættueiginleikum.

#### Um 16. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að einungis einstaklingar geti fengið leyfi fyrir skotvopni. Í vissum tilvikum getur þurft að víkja frá þessari reglu, t.d. varðandi ýmsar stofnanir, sem þurfa að eiga skotvopn, svo sem sláturhús, Náttúrufræðistofnun Íslands, veiðimálastjóri og e. t. v. ýmsir fleiri aðilar.

#### Um 17. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um, að lögreglustjórar skuli halda skrá yfir þá menn, er fá skotvopnaleyfi.

#### Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er eigendum skotvopna óheimilt að afhenda til eignar skotvopn nema kaupandi eða viðtakandi hafi leyfi til þess að eignast það. Það gæti bak- að eiganda skotvopns refsíabyrgðar, ef hann afhenti manni, sem ekki hefði skotvopnaleyfi, skotvopn til eignar.

Í 2. mgr. er það tekið fram, að eiganda sé óheimilt að lána skotvopn til afnota nema í sérstökum undantekningartilfellum. Jafnframt er dómsmálaráðherra heimilað að setja reglur um, að eiganda sé heimilt að lána skotvopn eða láta af hendi í ákveðnum tilvikum.

#### Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar þarfnast ekki skýringar.

#### Um 20. gr.

1. mgr. skoðast sem almenn fyrirmæli um að gæta ýtrustu varkárni við meðferð skotvopna. Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Í 3. mgr. eru nánar tilgreind þau tilvik, þar sem bannað er að nota skotvopn. Í mörgum lögreglusamþykktum eru svipuð ákvæði, þar sem meðferð skotvopna á almannafæri er bönnuð. Eðlilegt er, að í lög- gjöf um skotvopn sé ákvæði um þetta efni. Hér á við almenn lagatúlkun á hugtakinu almannafæri. Utan almannafæris er einnig bannað að skjóta, ef slíkt getur valdið hættu. Eigi er nánar farið út í, hversu mikil eða hvers kyns slík hættu þurfi að vera fyrir hendi, til þess að verknaðurinn sé refsiverður samkvæmt ákvæðum greinarinnar. Í undantekningartilvikum getur verið þörf á að nota skotvopn á almannafæri, t. d. við aflifun dýra, enda mundi slíkur verknaður ekki vera refsiverður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. Verknaður samkvæmt 3. mgr. getur verið þess eðlis, að 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga eigi við.

Ákvæði 4. mgr. er í samræmi við 40. gr. laga nr. 33 frá 1966 um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem segir, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda nema lög mæli öðru vísi fyrir um. Brot samkvæmt 4. mgr. er þess eðlis, að eðlilegt er, að mál sé því aðeins höfðað, að sá krefjist, sem misgert er við.

#### Um 21. gr.

Í flestum nágrannalöndum þarf leyfi lögreglustjóra til að mega kaupa skotfæri. Hér á landi hefur ekki þurft sérstök leyfi til þess að kaupa skotfæri. Nauðsynlegt er þó að setja strangari ákvæði en nú gilda um sölu skotfæra. Það mætti auka eftirlit með sölu þeirra með því að gera verslunum skylt að halda söluskrá. Einnig mætti hugsa sér að leyfi þurfi til þess að kaupa skotfæri, sem eru sérstaklega hættuleg. Ekki þótti rétt að setja frekari ákvæði um þetta í frumvarpið, en ráðherra er veitt heimild til þess að setja frekari reglur um sölu skotfæra.

#### Um 22. gr.

Lögð er skylda á eigendur eða löglega umráðahafa skotfæra og skotvopna að gæta þeirra, svo að óviðkomandi aðilar nái eigi til þeirra.

#### Um 23. gr.

Í Reykjavík er starfandi skotfélög og á einstaka stöðum utan Reykjavíkur einnig. Þar sem skotfélög starfa hafa þau komið upp aðstöðu, þar sem meðlimum er gefinn kostur á að æfa skotfimi. Nauðsynlegt er, að viðkomandi lögreglustjóri hafi eftirlit með slíkum skotsvæðum.

#### Um 24. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

#### Um IV. kafla.

Í þessum kafla er eingöngu fjallað um sprengiefni, um sölu þess til þeirra, sem þurfa að nota það og um meðferð þess. Í gildandi lögum eru ófullnægjandi reglur um þetta efni. Í lögum nr. 69 frá 1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum og alls konar sprengjum og hlutum og efnum í þau, er fjallað um innflutning og sölu sprengiefnis. Í lögum nr. 55 frá 1969 um brunavarnir og brunamál í 23. og 24. gr. er fjallað um sprengiefni, svo sem áður hefur verið á minnst. Allar þessar reglur eru ófullkomnar og er því þörf á, að úr verði bætt. Enda þótt ákvæði þessa kafla séu ýtarlegri en þau lög, sem nú eru í gildi um þetta efni, er þörf á setningu reglugerðar, þar sem kveðið er á um geymslu, flutning og meðferð sprengiefnis.

#### Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að verulegu leyti nýmæli. Hingað til hefur ekki þurft leyfi til þess að mega kaupa sprengiefni. Samkvæmt 4. mgr. skulu eigendur sprengiefnis ábyrgjast vörslu þess og sjá svo um, að óviðkomandi aðilar nái eigi til þess. Í 6. mgr. segir, að þeim, sem fengið hefur leyfi til þess að kaupa og eiga sprengiefni, sé óheimilt að afhenda það öðrum nema til komi leyfi lögreglustjóra.

#### Um 26. gr.

Samkvæmt þeim reglum, sem nú eru í gildi, veita lögreglustjórar einstaklingum, sem til þess eru hæfir, leyfi til þess að fara með og annast sprengingar. Venjulega taka umrædd leyfi til sprenginga innan ákveðins lögsagnarumdæmis. Til þessa hafa engar sérstakar þekkingarkröfur verið gerðar til þeirra, sem annast slíkar sprengingar og fá nefnd leyfi. Í einstaka tilvikum hafa innflytjendur sprengiefna haldið námskeið fyrir þá, sem annast sprengingar. Í nágrannalöndum, s. s. Noregi, er sérstök stofnun, sem annast þessi mál, svo og önnur, er varða sprengiefni. Hér á landi er engin slík stofnun til. Í 2. mgr. er svo fyrir mælt, að aðeins skuli þeir fá leyfi skv. 1. mgr., sem að mati Öryggiseftirlits ríkisins hafa næga kunnáttu til þess að fara með sprengiefni. Enda þótt á verksviði Öryggiseftirlits ríkisins sé ekki þetta verkefni, þá þótti heppilegt að fela því að annast þetta. Um þetta yrði að setja nánari reglur í reglugerð.

#### Um 27. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði um geymslu sprengiefnis. Skv. 1. mgr. skal aðeins geyma sprengiefni í sérstökum sprengiefnageymslum, þó með þeirri undantekningu, sem segir í 2. mgr., að heimilt sé að geyma sprengiefni í litlum mæli vegna notkunar annars staðar, enda sé það þá geymt í sérstökum hirslum eða kössum.

Gerð hefur verið könnun á geymsluaðstöðu sprengiefna hér á landi. Hefur komið í ljós, að mjög skortir á að geymsluaðstaða sé fullnægjandi. Einungis er nú til ein sprengiefnageymsla á landinu, sem getur talist viðunandi. Geymslu þessa byggðu ríkið og Reykjavíkurborg á árunum 1968—9. Við gerð hennar var farið nær fyrst og fremst eftir norskum reglum. Notendur geymslunnar eru, auk Reykjavíkurborgar, nokkrir aðilar ríkisins, s. s. Vegagerðin, Landhelgisgæslan, Póstur og sími, rafmagnsveiturnar og fleiri aðilar, svo og innflytjendur. Ekki mun vera föst vakt í geymslunni, en mannheld girðing er þó í kring. Það hefur verið bent á að koma þyrfti upp birgðastöðvum víðar um landið. Auk þess væri nauðsynlegt að skapa aðstöðu til þess að geyma sprengiefni víðar. Það er því nauðsynlegt að setja skýrar regur um geymslu sprengiefnis og allan búnað sprengiefnageymsla, svo að unnt sé að bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í þessum efnum.

Í síðustu mgr. þessarar greinar er kveðið á um, að ráðherra skuli setja ákvæði í reglugerð um flutning og meðferð sprengiefnis. Reglur skortir hér á landi um flutning sprengiefnis. Varðandi flutning með skipum milli landa hafa skipsfélösin farið eftir alþjóðlegum reglum um þetta efni, sem alþjóða siglingamálastofnunin



I.M.C.O. hefur sett. Geta má ákvæða í brunamálasamþykkt fyrir Reykjavík í 147. gr., en þar eru ákvæði um flutning á sprengiefni. Reglur þessar eru alls ófullnægjandi.

Um 28. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringa.

Um V. kafla.

Eins og að framan getur, eru mjög fábrotnar reglur í gildi um skotelda.

Vegna þeirrar hættu, er af skotelddum getur stafað, er nauðsynlegt að setja reglur um meðferð þeirra. Á hverju ári slasast fólk af völdum skotelda, einkum er það um áramót, þegar notkun þeirra er mest. Samkvæmt upplýsingum hjá yfir-lækni Slysavarðstofunnar í Reykjavík eru um 10 slysatilvik á ári vegna sprenginga, og þá fyrst og fremst af völdum skotelda. Fyrir nokkrum árum síðan var slysatíðni miklu meiri en nú er. Að líkindum mun fækkun slysa stafa fyrst og fremst af því, að um nokkurt skeið hefur notkun svokallaðra kínverja verið bönnuð, og strangara eftirlit hefur verið haft með innflutningi og sölu skotelda.

Um 29. gr.

Hér er tekið fram, að ekki megi selja yngri mönnum en 16 ára skotelda. Hér er þó ráðherra veitt heimild til þess að ákveða, að yngri menn megi kaupa skotelda, ef um er að ræða hættuminni skotelda. Svipaðar reglur eru í gildi í nágranna-löndum. Í Danmörku er þó í sumum tilvikum miðað við hærri aldursmörk.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er almennt ákvæði um, að ætíð skuli gæta varúðar við meðferð skotelda. Í 2. mgr. er ákvæði um, að dómsmálaráðherra skuli setja reglur um sölu og meðferð skotelda. Nú er í gildi reglugerð um þetta efni, er sett var á árinu 1964 með heimild í þágildandi lögum um brunavarnir og brunamál.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um afturköllun leyfa, málskot til æðra stjórnvalds um sölu á varningi, sem skilað er til lögreglu án þess að um eignaupptöku sé að ræða.

Um 31. gr.

Í 1. mgr. eru talin upp nokkur tilvik, þar sem leyfisveitandi getur svipt leyfiss-hafa leyfi. Í gildi eru ákvæði um heimild leyfisveitanda til þess að afturkalla slík leyfi og er þar jafnframt ákvæði um, að lögreglustjóra sé heimilt að afturkalla leyfi án þess að hann þurfi að færa fyrir því ástæður. Enda þótt slíkt ákvæði þyki nokkuð strangt, þótti rétt að halda því með breyttu orðalagi, þ.e. ef sérstaklega stendur á. getur lögreglustjóri afturkallað leyfi án þess að færa fyrir því ástæður.

Í 2. mgr. er gerð undantekning frá þeirri reglu, að leyfisveitandi taki ákvörðun um leyfissviptingu. Þar er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri í því umdæmi, þar sem leyfishafi á lögheimili, taki ákvörðun um sviptingu skotvopnaleyfa og leyfa til þeirra, er mega annast sprengingar. Rétt þykir að ákveða, að aðeins einn lögreglustjóri geti tekið ákvörðun um leyfissviptingu hverju sinni.

Í síðustu málsgrein er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti, án þess að máli hafi verið skotið til hans, fyrirskipað að afturkalla leyfi, sem lögreglustjóri hefur veitt.

Um 32. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. er nýmæli.

Leyfissvipting og eignarupptaka þarf eigi að fara saman. Ástæða getur verið til að svipta mann leyfi til þess að eiga skotvopn, þótt ekki sé fyrir hendi heimild til eignarupptöku. Ákvæði 2. mgr. segir fyrir um, hvernig fara skuli með sölu á slíkum varningi, þegar þannig stendur á.

Skotvopn getur verið það lélegt, að ekki sé talið forsvaranlegt að selja það, og verður þá eigandi að sæta því að fá ekki neitt fyrir það. Í þeim tilvikum er gert ráð fyrir, að skotvopnið sé eyðilaggt eða gert óvirkt.

Um 33. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við gildandi ákvæði í reglugerð að öðru leyti en því, að kærufrestur er tiltekinn einn mánuður.

Um VII. kafla.

Þessi kafli fjallar um refsingar og eignaupptöku.

Um 34. gr.

Brot geta varðað sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Ákvæði nágrannaþjóða er nokkuð mismunandi hvað refsingu snertir.

Í Noregi varða brot gegn samsvarandi lögum refsingu allt að 3 mánaða fangelsi, samkvæmt dönskum og sænskum lögum allt að 2 ára fangelsi, en samkvæmt finnskum lögum allt að 6 mánaða fangelsi.

Um 35. gr.

Lagt er til grundvallar ákvæði 69. gr. almennra hegningarlaga, en auk þess eru tilgreind í 1. og 2. mgr. nokkur tilvik, þar sem gera má upptækan varning. Ákvæði 1. mgr. er að mestu í samræmi við gildandi ákvæði, en ákvæði 2. mgr. er nýmæli.

Um 36. gr.

Hér er almenn heimild fyrir dómsmálaráðherra að setja ákvæði í reglugerð um framkvæmd laganna. Viða er einnig í frumvarpinu vikið að heimild fyrir ráðherra að setja reglur um tiltekin atriði.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Gert er ráð fyrir, að felld verði úr gildi eftirtalin leyfi: Skotvopnaleyfi, leyfi til verslunar og innflutnings, framleiðsluleyfi og leyfi til manna að annast sprengingar. Mönnum er gefinn kostur á að endurnýja leyfi þessi. Upp geta komið ýmis atriði, er leysa þarf úr, þegar að framkvæmd bráðabirgðaákvæða þessara kemur, og er því nauðsynlegt fyrir ráðherra að hafa hér ótvíræða heimild til þess að setja reglur um framkvæmd ákvæðanna.